

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆDAKRÖFUR VORU ÓBREYTTAR Á ÁRINU 2005 þ.e. þær sömu og hafa gilt frá 1. apríl 2004, sjá samantekt í eftirfarandi töflu:

Gæðapáttur	1. flokkur A ¹⁾		1. flokkur	2. flokkur		3. flokkur		4. flokkur ²⁾	
	Mörk	Viðb.gr		Mörk	Verðsk.	Mörk	Verðsk.	Mörk	Verðsk.
Líftala örvera, Bactoscanmæling ³⁾	<= 40.000	1,00 kr/l	<= 400.000	> 400.000 og <= 600.000	-2%	> 600.000 og <= 3.000.000	-5%	>3.000.000	-8%
Frumutala ⁴⁾	<= 220.000	1,00 kr/l	<= 400.000	> 400.000 og <= 600.000	-1%	> 600.000	-3%	-	-
Lyfjaleifar ⁵⁾	Verður að standast kröfur um 1.fl	1,00 kr/l	Engar mælanlegar leifar	Mælanlegar leifar	-8%	-	-	-	-
Hitapólin líftala ⁶⁾	Verður að standast kröfur um 1.fl	1,00 kr/l	<= 5.000	> 5.000 og <= 25.000	-	> 25.000	-	-	-
Kuldaþólin líftala ⁶⁾	Verður að standast kröfur um 1.fl	1,00 kr/l	<= 25.000	> 25.000 og <= 100.000	-	> 100.000	-	-	-
Líftala loftfælinna dvalagróa ⁶⁾	Verður að standast kröfur um 1.fl	1,00 kr/l	Enginn vöxtur	Vöxtur eftir 48-72 klst.	-	Vöxtur á fyrstu 48 klst	-	-	-
Lykt og bragð ⁶⁾	Verður að standast kröfur um 1.fl	1,00 kr/l	Engin prufa með lyktar-/bragðgalla	Greinilegur lyktar-/bragðgalli	-	Áberandi lyktar-/bragðgalli	-	-	-

¹⁾ Innviðgjóð mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1. fl. A. Til að mjólk mánaðarins geti flokkast sem A-mjólk þarf hún að standast allar kröfur um 1. fl. auk þess sem margfeldis meðaltal frumutölu í mánuðinum þarf að vera 220 þúsund frumur/ml eða lægra og líftala má í mánuðinum ekki fara upp fyrir 40 þúsund ein./ml.

²⁾ Nýr flokkur vegna líftölu örvera.

³⁾ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg mánaðarins. Ef t.d. 4 mælingar falla í 2. fl. þá leggjast verskerðingarnar saman og verða 2%+2%+2%+2%=8%. Mjólkurstöð tekur ekki við mjólk frá framleiðanda ef margfeldis meðaltal reglubundinna mælinga undangenginna 8 vikna fer upp fyrir 600 þúsund ein./ml.

⁴⁾ Reiknað er 12 vikna meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna 1. fl. A. Ef margfeldis meðaltal mánaðar fer tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks er verðskert fyrir innlegg síðasta mánaðar m.v. flokkun þess mánaðar. Mjólkurstöð tekur ekki við mjólk frá framleiðanda ef margfeldis meðaltal reglubundinna mælinga undangenginna 12 vikna fer upp fyrir 400 þúsund frumur/ml.

⁵⁾ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg mánaðarins er verðfellt um 8%.

⁶⁾ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

BREYTING Á MJÓLKURREGLUGERÐ VAR GERÐ UM ÁRAMÓT. Breytingin fólst í að framlengja ákvæði til bráðabirgða til 1. júlí 2006. Að öllu óbreyttu hefðu áhrif ákvæðis til bráðabirgða í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 919/2002, fallið út þann 31. desember 2005. Ákvæðið er svohljóðandi:

“Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði í viðauka III mun koma til fullrar framkvæmdar 1. janúar 2006. Frá 1. júlí 2003 og til og með 31. desember 2005 gildir eftirfarandi um framkvæmd lágmarkskrafna um frumutölu mjólkur, sbr. 13. gr. og viðauka III:

Mjólkurstöð er heimilt að taka við mjólk framleiðanda, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um mjólkurgæði, sbr. 1. tl. b-liðar viðauka III, svo fremi sem frumutala nýjustu sýnatökumælingar sé ≤ 400.000 og þrátt fyrir að rúmfræðilegt meðaltal frumutölu á 12 vikna tímabili sé enn yfir mörkum.”

Ákvæðið í viðauka III sem vísað er til í bráðabirgðaákvæðinu er eftirfarandi:

“1. Mjólk frá framleiðanda skal uppfylla eftirfarandi staðla:

a) Líftala örvera með BactoScan aðferð eða líftölumælingu:

BactoScan aðferð ≤ 600.000 einingar/ml
Líftala í ml við 30°C í 72 klst. ≤ 100.000

Lágmarkskröfur um mjólkurgæði miðast við rúmfræðilegt meðaltal reglubundinna mælinga á 8 vikna tímabili með að minnsta kosti fjórum sýnum á hverju 8 vikna tímabili.

b) *Frumutala með Fossomatic (eða aðrar aðferðir, sem eru sambærilegar og viðurkenndar)*
Frumutala ≤ 400.000 frumur/ml

Lágmarkskröfur um mjólkurgæði miðast við rúmfræðilegt meðaltal reglubundinna mælinga á 12 vikna tímabili með að minnsta kosti þremur sýnum á hverju 12 vikna tímabili."

Ákvæðið hefur létt nokkuð undir hjá þeim bændum sem lent hafa í sölubanni vegna frumutölu. Þannig hefur það einnig komið í veg fyrir að umtalsverðu magni af mjólk með frumutölu undir 400 þúsund hafi verið hent þar sem framleiðendur sem lent hafa í sölubanni hafa getað byrjað að leggja inn aftur um leið og reglubundin mæling er undir 400 í stað þess að þurfa að hella miklu magni niður til að fá meðaltalið sem fyrst niður aftur.

Ástæða var til að hafa áhyggjur af því að bráðabirgðaákvæðið félli úr gildi þar sem nokkuð hefur verið um að framleiðendur færu í sölubann. Fyrir tilstilli bráðabirgðaákvæðisins hafa þeir getað komist tiltölulega fljótt út úr sölubanni aftur.

Þó ber á það að líta að bráðabirgðaákvæðið er nokkuð strangara hvað varðar aðdraganda sölubanns en sambærilegt ákvæði í tilskipun Evrópuráðsins 92/46/EBE.

Í núverandi tilskipun ráðsins 92/46/EBE í viðauka A, III kafla; D-þætti, er kveðið á um eftirfarandi:

*"3. Uppfylli mjólk frá viðkomandi bújörð ekki þessa staðla innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um niðurstöður athugana sem um getur í a-lið 1. liðar og rannsókna sem kveðið er á um í **D-þætti IV. kafla**, og eftir að farið hefur verið fram yfir þau mörk sem staðlarnir í IV. kafla heimila, skal óheimilt að taka á móti hrámjólk frá viðkomandi bújörð uns mjólkin fullnægir fyrrnefndum stöðlum á ný."*

A-liður 1. liðar eru ákvæði um rannsóknir á mögulegri vatnsíblöndun í mjólk. Rannsóknir sem kveðið er á um í D-þætti IV. kafla eru vegna heildargerlafjölda og frumutölu sem og eru sambærilegar kröfunum í íslensku mjólkurreglugerðinni.

Landssamband kúabænda og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sendu erindi til Umhverfissráðuneytisins um að ákvæði um lágmarkskröfur til mjólkur í mjólkurreglugerðinni yrði breytt til samæmis við ákvæði Evrópureglugerðarinnar. Erindið er enn til afgreiðslu hjá ráðuneytinu en bráðabirgðaákvæði mjólkurreglugerðarinnar var framlengt til 1. júlí 2006 með reglugerð nr. 1161/2005, sjá hér aftar í ársskýrslunni í kaflanum "Reglugerðir".